Hagtíðindi
Statistical Series

Heilbrigðis- félags- og dómsmál
Health, social affairs, justice

2009:1 • 23. janúar 2009

# Konur og karlar í áhrifastöðum 2008

*Women and men in positions of influence 2008*

*Samantekt*

**Karlar eru við stjórnvölinn í mun ríkara mæli en konur. Hlutur kvenna fer þó vaxandi í ýmsum áhrifastöðum en stendur í stað eða minnkar í öðrum. Kynjaskipting stjórnenda og embættismanna í heild var næstum sú sama árið 2007 og tímabilið 1991–1995, 29% þeirra voru konur og 71% karlar. Kynjaskipting meðal stjórnarformanna og stjórnarmanna fyrirtækja var óbreytt árin 1999–2007, en konur voru þar rúmur fimmtungur. Hlutfall kvenna af framkvæmdastjórum hækkaði úr 15% í 19% á sama tíma. Karlar eru í miklum meirihluta í stjórnum samtaka atvinnulífsins og í stjórnum helstu fyrirtækja á markaði.**

**Konur eru um þriðjungur (32–37%) þingmanna, ráðherra, sveitarstjórnarmanna, ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra ráðuneyta, héraðsdómara og nefndarmanna í opinberum nefndum. Þær eru um fjórðungur (24–29%) forstöðumanna ríkisstofnana, framkvæmdastjóra sveitarfélaga og stjórnarmanna stærstu lífeyrissjóðanna. Kynjaskipting skólastjórnenda er mismunandi eftir skólastigi, eru konur meirihluti stjórnenda á leikskóla- og grunnskólastigi en karlar meirihluti stjórnenda á framhaldsskóla- og háskólastigi. Dagblöðum er nú sem fyrr ritstýrt af körlum en konur hafa komið að ritstjórn og fréttastjórn dagblaða síðustu árin. Fréttastjórn hjá ljósvakamiðlum hefur verið meira á hendi karla en kvenna í gegnum tíðina.**

## Inngangur

Hagstofa Íslands gefur nú út sérstakt rit um konur og karla í áhrifastöðum. Með áhrifastöðum er hér átt við ábyrgðar- og stjórnunarstörf, hjá opinberum aðilum og einkaaðilum, þ.m.t. aðild að nefndum og stjórnum af ýmsu tagi. Val á áhrifastöðum ræðst meðal annars af því sem hefð er fyrir að skoða við almenna umfjöllun um stöðu kynja í samfélaginu en einnig með hliðsjón af efni sem birt er í sambærilegum erlendum útgáfum. Ljóst er að ritið gerir konum og körlum í áhrifastöðum ekki tæmandi skil. Talnaefnið er unnið úr gögnum Hagstofunnar, en einnig fengið frá öðrum aðilum og er þá getið um heimild.

## Stjórnendur og embættismenn

*Hlutfall kvenna af stjórnendum og embættismönnum 29% árið 2007*

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðsrannsókna Hagstofu Íslands var fjöldi starfandi fólks á Íslandi 177.300 árið 2007, þar af töldust 16.000 til stjórnenda og embættismanna eða 9,0%. Konur voru 46% starfandi fólks en karlar 54%. Hins vegar voru 29% stjórnenda og embættismanna konur samanborið við 71% karla. Sambærilegar upplýsingar eru fyrir hendi aftur til ársins 1991 er samræmdar vinnumarkaðsrannsóknir hófust hér á landi. Þá var fjöldi starfandi 136.900 og fjöldi stjórnenda og embættismanna 11.500 eða 8,4% af öllum starfandi. Kynjaskiptingin í hópi stjórnenda og embættismanna var ekki ósvipuð og nú, 27% konur

og 73% karlar. Nokkur breyting var milli ára á þessu tímabili og var hlutfall kvenna lægst árið 1997, 23% og hæst árið 2003, 33%.

Í flokkinn stjórnendur og embættismenn falla starfsgreinar þar sem viðfangsefnin felast m.a. í stjórnun, mótun og framkvæmd áætlana og stefnu hjá opinberum aðilum og einkaaðilum, samtökum og stofnunum. Hér er um kjörna fulltrúa og æðstu embættismenn og stjórnendur að ræða.

**Tafla 1. Starfandi stjórnendur og embættismenn 1991–2007**
*Table 1. Employed senior officials and managers 1991–2007*

| | Árlegur fjöldi *Annual number* | | | Hlutfall *Percent* | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Alls *Total* | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* |
| 1991–1995 | 11.940 | 3.100 | 8.820 | 26 | 74 |
| 1996–2000 | 10.560 | 2.740 | 7.820 | 26 | 74 |
| 2001 | 12.400 | 3.800 | 8.600 | 31 | 69 |
| 2002 | 12.700 | 3.700 | 8.900 | 29 | 70 |
| 2003 | 10.600 | 3.500 | 7.000 | 33 | 66 |
| 2004 | 11.900 | 3.600 | 8.200 | 30 | 69 |
| 2005 | 12.100 | 3.300 | 8.800 | 27 | 73 |
| 2006 | 14.300 | 4.200 | 10.100 | 29 | 71 |
| 2007 | 16.000 | 4.700 | 11.300 | 29 | 71 |

**Skýring** *Note*: Rof milli áranna 2002 og 2003. Frá og með 2003 er vinnumarkaðskönnunin samfelld könnun sem nær til allra vikna ársins og eru niðurstöður birtar ársfjórðungslega. *Break in series from 2003 when the survey was changed into a continous quarterly survey.*

## Alþingi og ríkisstjórn

*43 karlar og 20 konur kjörnar 2007*

Í alþingiskosningunum árið 2007 hlutu 43 karlar og 20 konur kosningu. Urðu konur því 32% þingmanna. Frá kosningunum 2007 og til ársloka 2008 hafa þær breytingar orðið á skipan þingsins að þrjár konur hafa komið í stað þriggja karla sem horfið hafa af þingi. Hlutfall kvenna þar er því orðið 36,5% og karla 63,5%.

Fyrsta konan tók sæti á Alþingi árið 1922 en næstu fimmtíu árin átti ein, tvær eða engin kona sæti á þingi. Árið 1971 voru þrjár konur kjörnar (5%) en 1983 fjölgaði þeim í níu (15%) og 1991 voru þær orðnar 15 (24%) en flestar hafa þær orðið 22 við kosningarnar 1999, en það samsvarar 35% þingmanna. Í kosningunum 2003 fækkaði konum í 19 eða í 30% þingmanna. Á kjörtímabilinu urðu hins vegar nokkrar breytingar á þingliði þannig að í lok þess voru 23 þingmanna konur eða tæp 37%.

**Mynd 1. Alþingiskosningar 1995–2007. Hlutfall kvenna af frambjóðendum og kjörnum fulltrúum**
*Figure 1. Elections to Althingi 1995–2007. Percentage of female candidates and elected members*




*Konur 47% frambjóðenda og 32% þingmanna 2007*

Árið 1995 voru konur helmingur frambjóðenda til alþingiskosninga en fjórðungur kjörinna þingmanna. Árið 2007 voru 47% frambjóðenda konur og 32% kjörinna þingmanna eins og áður gat.

**Tafla 2. Frambjóðendur og kjörnir fulltrúar í alþingiskosningum 1971–2007**
*Table 2. Candidates and elected members in general elections 1971–2007*

| | Fjöldi *Number* | | | | Hlutfall *Percent* | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Frambjóðendur *Candidates* | | Kjörnir fulltrúar *Elected members* | | Frambjóðendur *Candidates* | | Kjörnir fulltrúar *Elected members* | |
| | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* |
| 1971 | 78 | 447 | 3 | 57 | 15 | 85 | 5 | 95 |
| 1991 | 469 | 560 | 15 | 48 | 46 | 54 | 24 | 76 |
| 1995 | 425 | 418 | 16 | 47 | 50 | 50 | 25 | 75 |
| 1999 | 312 | 464 | 22 | 41 | 40 | 60 | 35 | 65 |
| 2003 | 329 | 447 | 19 | 44 | 42 | 58 | 30 | 70 |
| 2007 | 357 | 399 | 20 | 43 | 47 | 53 | 32 | 68 |

*Kynjaskipting önnur meðal frambjóðenda en kjörinna fulltrúa*

Kynjaskipting var nokkuð jöfn meðal frambjóðenda hjá hinum ólíku stjórnmálasamtökum við Alþingiskosningarnar árið 2007 en öðru máli gegndi um kjörna fulltrúa. Hlutfall kvenna meðal kjörinna þingmanna var hæst 44% hjá Vinstrihreyfingunni – grænu framboði en því næst 32–33% hjá Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu. Þá voru 29% þingmanna Framsóknarflokks konur en allir þingmenn Frjálslynda flokksins voru karlar.

**Tafla 3. Frambjóðendur og kjörnir þingmenn eftir stjórnmálasamtökum 2007**
*Table 3. Candidates and elected members of parliament by political organisations 2007*

| | Frambjóðendur *Candidates* | | Kjörnir fulltrúar *Members elected* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* |
| **Fjöldi** ***Number*** | | | | |
| **Stjórnmálaflokkar** ***Political organizations*** | **357** | **399** | **20** | **43** |
| Framsóknarflokkur *Progressive party* | 63 | 63 | 2 | 5 |
| Frjálslyndi flokkurinn *The Liberal Party* | 47 | 79 | – | 4 |
| Samfylkingin *The Alliance* | 64 | 62 | 6 | 12 |
| Sjálfstæðisflokkur *The Independence Party* | 63 | 63 | 8 | 17 |
| Vinstri hreyfingin – grænt framboð *The Left–Green Movement* | 66 | 60 | 4 | 5 |
| Íslandshreyfingin – lifandi land *The Icelandic Movement* | 54 | 72 | – | – |
| **Hlutfall** ***Percent*** | | | | |
| **Stjórnmálaflokkar** ***Political organizations*** | **47** | **53** | **32** | **68** |
| Framsóknarflokkur *Progressive party* | 50 | 50 | 29 | 71 |
| Frjálslyndi flokkurinn *The Liberal Party* | 37 | 63 | – | 100 |
| Samfylkingin *The Alliance* | 51 | 49 | 33 | 67 |
| Sjálfstæðisflokkur *The Independence Party* | 50 | 50 | 32 | 68 |
| Vinstri hreyfingin – grænt framboð *The Left–Green Movement* | 52 | 48 | 44 | 56 |
| Íslandshreyfingin – lifandi land *The Icelandic Movement* | 43 | 57 | – | – |

*Þrjár konur hafa verið forsetar Alþingis*

Þrjá konur hafa verið forsetar Alþingis eða sameinaðs þings áður en Alþingi varð að einni málstofu árið 1991. Á yfirstandandi þingi 2008–2009 er forseti Alþingis karl en konur eru fyrsti og annar varaforseti.

*Karlar formenn átta fastanefnda Alþingis og konur fjögurra*

Tólf fastanefndir starfa á Alþingi. Á yfirstandandi þingi 2008–2009 eru þær skipaðar 110 mönnum, 39 konum (35%) og 71 karli (65%). Lætur nærri að hlutföllin endurspegli kynjaskiptinguna á Alþingi. Karlar eru í meirihluta tíu nefnda en konur tveggja, þ.e. í heilbrigðisnefnd og iðnaðarnefnd. Konur eru formenn í fjórum nefndum, heilbrigðisnefnd, iðnaðarnefnd, samgöngunefnd og sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Karlar eru formenn átta fastanefnda. Á löggjafarþinginu 2006–2007 voru konur 32% nefndarmanna og formenn tveggja fastanefnda.

**Tafla 4. Fastanefndir Alþingis 2008–2009**
*Table 4. Standing committees of parliament 2008–2009*

| | Aðalmenn *Members* | | | Formenn *Chairpersons* | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Hlutfall *Percent* | | | |
| | Fjöldi alls *Total number* | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* |
| **Alls *Total*** | **110** | **35** | **65** | **4** | **8** |
| Heilbrigðisnefnd *Health* | 9 | 56 | 44 | 1 | – |
| Iðnaðarnefnd *Industry* | 9 | 56 | 44 | 1 | – |
| Menntamálanefnd *Education* | 9 | 44 | 56 | – | 1 |
| Samgöngunefnd *Transport and communication* | 9 | 44 | 56 | 1 | – |
| Umhverfisnefnd *Environment* | 9 | 44 | 56 | – | 1 |
| Utanríkismálanefnd *Foreign affairs* | 9 | 44 | 56 | – | 1 |
| Fjárlaganefnd *Budget* | 11 | 27 | 73 | – | 1 |
| Allsherjarnefnd *General* | 9 | 22 | 78 | – | 1 |
| Efnahags- og skattanefnd *Economic and taxes* | 9 | 22 | 78 | – | 1 |
| Félags- og tryggingamálanefnd *Social affairs and social security* | 9 | 22 | 78 | – | 1 |
| Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd *Fisheries and agriculture* | 9 | 22 | 78 | 1 | – |
| Viðskiptanefnd *Commerce* | 9 | 22 | 78 | – | 1 |

**Heimild** *Source*: Alþingi. *Althingi.*

*Þrjár alþjóðanefndir Alþingis konulausar*

Níu alþjóðanefndir starfa á vegum Alþingis og eru þær skipaðar 11 konum (31%) og 25 körlum (69%) löggjafarþingið 2008–2009. Endurspegla þessi hlutföll kynjaskiptingu þingmanna haustið 2008 þegar á heildina er litið. Í þremur nefndum eru eingöngu karlar. Konur eru formenn fjögurra nefnda en karlar fimm. Á löggjafarþinginu 2006–2007 voru 32% nefndarmanna og tveir formenn alþjóðanefnda konur.

*Aðrar nefndir sem Alþingi kýs*

Auk þess sem Alþingi kýs í sínar fastanefndir og alþjóðanefndir kýs það í 21 stjórn, nefndir og ráð sem starfa utan þingsins, auk þess sem það kýs umboðsmann Alþingis. Í flestum tilvikum en þó ekki öllum fer kosning fram fljótlega eftir að nýkjörið þing kemur saman. Samkvæmt yfirliti á vefsíðu Alþingis (17. september 2008) situr nú 41 kona (42%) og 57 (58%) karlar í þessum nefndum og ráðum sem aðalmenn að tilhlutan Alþingis og umboðsmaðurinn er karl, en hér er ekki um alþingismenn að ræða. Hlutfall kvenna er hærra meðal varamanna en aðalmanna eða 62%. Er algengara að fleiri karlar en konur séu kosnir í viðkomandi nefndir en í sex tilvika er því öfugt farið.

*Fyrsta konan í bankaráð Seðlabankans sem aðalmaður árið 1995*

Eitt af þeim ráðum sem hér um ræðir er bankaráð Seðlabanka Íslands. Það var fyrst árið 1995 sem kona tók sæti í bankaráði Seðlabankans sem aðalmaður en árið 1991 var fyrsta konan kjörin sem varamaður í bankaráðið. Tímabilið 1995–2003 var bankaráðið skipað fjórum körlum og einni konu en fjölgað var í ráðinu 2003. Eftir Alþingiskosningarnar 2007 voru 6 karlar og ein kona kjörin í bankaráðið en síðan hafa orðið breytingar og í lok nóvember 2008 er það skipað fimm körlum og tveimur konum og er formaður þess karl.

**Tafla 5. Bankaráð Seðlabanka Íslands 1991–2011**
*Table 5. Board of The Central Bank of Iceland 1991–2011*

| Fjöldi *Number* | Aðalmenn *Members* Konur *Females* | Aðalmenn *Members* Karlar *Males* | Varamenn *Vice members* Konur *Females* | Varamenn *Vice members* Karlar *Males* |
|---|---|---|---|---|
| 1991–1995 | – | 5 | 1 | 4 |
| 1995–1999 | 1 | 4 | 3 | 2 |
| 1999–2003 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 2003–2007 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 2007–2011 | 2 | 5 | 5 | 2 |

**Heimild** *Source*: Seðlabanki Íslands og Alþingi. *The Central Bank of Iceland and Althingi.*

*Hlutur kvenna í kjörstjórnum nú 37% en var áður 26%*

Meðal ofangreindra stjórna sem Alþingi kýs er landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir kjördæma. Á heildina litið eru konur nú 37% aðalmanna en voru um fjórðungur áður. Tæpur helmingur varamanna í þessum stjórnum eru konur. Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis er eingöngu skipuð körlum.

**Mynd 2. Skipan landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna 2007–2011**
*Figure 2. Members of main returning boards by region 2007–2011*




**Heimild** *Source*: Alþingi. *Althingi.*

*Fjórir ráðherrar af tólf eru konur*

Fjórir ráðherrar af tólf eru konur en það eru ráðherrar félags- og tryggingamála, menntamála, umhverfismála og utanríkismála. Kona tók fyrst sæti í ríkisstjórn hér á landi árið 1970. Frá þeim tíma og til ársins 1999 var ein eða engin kona að jafnaði í ríkisstjórn. Þetta hefur breyst á síðustu árum og hafa tvær til fjórar konur setið í ríkisstjórn síðan 1999. Alls hafa þrettán konur gegnt starfi ráðherra gegnum tíðina.

**Tafla 6. Ráðherrar 1990–2008**
*Table 6. Government ministers 1990–2008*

| Tölur í desember *Figures in December* | Fjöldi *Number* Konur *Females* | Fjöldi *Number* Karlar *Males* | Hlutfall *Percentage* Konur *Females* | Hlutfall *Percentage* Karlar *Males* |
|---|---|---|---|---|
| 1990 | 1 | 10 | 9 | 91 |
| 1995 | 1 | 9 | 10 | 90 |
| 2000 | 4 | 8 | 33 | 67 |
| 2005 | 3 | 9 | 25 | 75 |
| 2006 | 4 | 8 | 33 | 67 |
| 2007 | 4 | 8 | 33 | 67 |
| 2008 | 4 | 8 | 33 | 67 |

*Aðstoðarmenn ráðherra eru mun oftar karlar en konur*

Aðstoðarmenn ráðherra komu fyrst til sögunnar árið 1971. Frá þeim tíma og fram á mitt ár 2005 höfðu alls 115 manns gegnt slíku starfi, 24 konur (21%) og 91 karl (79%). Í október 2008 voru fjórar konur (33%) og átta karlar (67%) aðstoðarmenn ráðherra.

**Mynd 3. Aðstoðarmenn ráðherra 1971–2008**
*Figure 3. Advisers to ministers 1971–2008*



**Tafla 7. Aðstoðarmenn ráðherra 1971–2008**
*Table 7. Advisers to ministers 1971–2008*

| | Fjöldi *Number* | | | Hlutfall *Percentage* | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Alls *Total* | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* |
| 1971–1983 | 16 | 2 | 14 | 13 | 88 |
| 1983–1991 | 38 | 11 | 27 | 29 | 71 |
| 1991–1995 | 24 | 4 | 20 | 17 | 83 |
| 1995–2005 | 37 | 7 | 30 | 19 | 81 |
| 2008 | 12 | 4 | 8 | 33 | 67 |

**Skýring** *Note*: Taflan nær til aðstoðarmanna, ráðgjafa, blaða- og upplýsingafulltrúa og efnahagsráðgjafa ráðherra 1971 fram á mitt ár 2005 og einnig aðstoðarmanna ráðherra í nóvember 2008. *The table covers advisers to ministers including spokesmen and economic consultants 1971 to mid-year 2005 as well as advisers to ministers in November 2008.*

**Heimild** *Source*: Stjórnmál og stjórnsýsla. Veftímarit. 1.tbl. 1. árg. 2005. Bakgrunnur aðstoðarmanna ráðherra. Þróun 1971–2005. Höfundur: Ómar H. Kristmundsson. *Politics and Administrations. Online magazine. Issue No 1 2005. The background of political advisers to ministers by Ómar H. Kristmundsson.*

## Sveitarstjórnir og samtök þeirra

*Hlutfall kvenna af kjörnum sveitarstjórnarmönnum 36%*

Með sameiningu sveitarfélaga á síðustu árum hefur sveitarfélögum og um leið kjörnum fulltrúum sveitarfélaga fækkað verulega. Á árunum 1950–1990 var fjöldi sveitarstjórnarmanna rúmlega 1.100 en við kosningarnar 2002 voru þeir næstum helmingi færri eða 657. Hlutur kvenna af sveitarstjórnarmönnum var 1% árið 1950, 12% árið 1982 og 31% árið 2002. Árið 2006 voru konur 36% kjörinna sveitarstjórnarmanna og karlar 64%. Fjöldi kjörinna kvenna var 190 og karla 339. Í sveitarstjórnarkosningum á árunum 1990–2002 voru konur 37–41% frambjóðenda en hlutfallið var 44% í kosningunum 2006.

**Mynd 4. Sveitarstjórnarkosningar 1990–2006. Hlutfall kvenna af frambjóðendum og kjörnum fulltrúum**
*Figure 4. Local government elections 1990–2006. The percentage of female candidates and elected members*



**Tafla 8. Frambjóðendur og kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnarkosningum 1990–2006**
*Table 8. Candidates and elected representatives in municipal elections 1990–2006*

| Ár *Year* | Fjöldi *Number* Frambjóðendur *Candidates* Alls *Total* | Fjöldi *Number* Kjörnir fulltrúar *Elected members* Alls *Total* | Hlutfall *Percent* Frambjóðendur *Candidates* Konur *Females* | Hlutfall *Percent* Frambjóðendur *Candidates* Karlar *Males* | Hlutfall *Percent* Kjörnir fulltrúar *Elected members* Konur *Females* | Hlutfall *Percent* Kjörnir fulltrúar *Elected members* Karlar *Males* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1990 | 3.339 | 1.116 | 38 | 62 | 22 | 78 |
| 1994 | 3.313 | 981 | 37 | 63 | 25 | 75 |
| 1998 | 2.740 | 756 | 38 | 62 | 28 | 72 |
| 2002 | 2.714 | 657 | 41 | 59 | 31 | 69 |
| 2006 | 2.675 | 529 | 44 | 56 | 36 | 64 |

*Hlutfall kvenna af framkvæmdastjórum sveitarfélaga hækkar en störfum fækkar*

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga eru bæjarstjórar, sveitarstjórar og oddvitar. Frá 2004 til ársins 2006 fækkaði sveitarfélögum úr 104 í 79 og enn um eitt árið 2008 og þar með störfum sveitarstjóra og oddvita. Í september 2008 gegndu alls 78 manns störfum framkvæmdastjóra sveitarfélaga, 22 konur (28%) og 56 karlar (72%). Voru konur 27% bæjarstjóra, 22% sveitarstjóra og 39% oddvita. Hafa konur aukið hlut sinn frá árinu 2004 en þær voru 18% framkvæmdastjóra í heild og 16% bæjarstjóra og oddvita.

**Mynd 5. Framkvæmdastjórar sveitarfélaga 2008**
*Figure 5. Municipal managers 2008*



**Tafla 9. Framkvæmdastjórar sveitarfélaga 2004–2008**
*Table 9. Municipal managers 2004–2008*

| | 2004 | | 2006 | | 2008 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* |
| **Földi** ***Number*** | | | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **19** | **85** | **21** | **58** | **22** | **56** |
| Bæjarstjóri *Mayor* | 5 | 27 | 8 | 25 | 9 | 24 |
| Sveitarstjóri *Municipal manager* | 8 | 27 | 6 | 22 | 6 | 21 |
| Oddviti *Chairman of district council* | 6 | 31 | 7 | 11 | 7 | 11 |
| **Hlutfall** ***Percent*** | | | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **18** | **82** | **27** | **73** | **28** | **72** |
| Bæjarstjóri *Mayor* | 16 | 84 | 24 | 76 | 27 | 73 |
| Sveitarstjóri *Municipal manager* | 23 | 77 | 21 | 79 | 22 | 78 |
| Oddviti *Chairman of district council* | 16 | 84 | 39 | 61 | 39 | 61 |

**Heimild** *Source*: Samband íslenskra sveitarfélaga. *The Association of Local Authorities in Iceland.*

*Samband íslenskra sveitarfélaga*

Samband íslenskra sveitarfélaga vinnur að eflingu samstarfs íslenskra sveitarfélaga og hagsmunamálum þeirra. Það mótar stefnu sveitarfélaganna til einstakra mála og er málsvari þeirra í samskiptum við ríkisstjórn og Alþingi. Stjórn sambandsins er skipuð til fjögurra ára í kjölfar sveitarstjórnakosninga. Stjórn sambandsins fyrir tímabilið 2006–2010 er skipuð 11 manns, sex körlum (55%) og fimm konum (45%), og er formaður samtakanna karl, svo og framkvæmdastjórinn. Þessu var eins farið árin 2002–2006.

*Konur eru rúmur fjórðungur stjórnarmanna í landshlutasamtökum sveitarfélaga*

Átta landshlutasamtök sveitarfélaga eru nú starfandi hér á landi. Hlutverk þeirra er einkum að gæta hagsmuna hvers landshluta og annast almenn byggðamál. Náið samstarf er milli þeirra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í stjórnum samtakanna átta er alls 51, þar af eru konur rúmur fjórðungur (27%) en voru þriðjungur 2006–2007. Kynjaskipting í stjórnum einstakra samtaka er breytileg. Í tveimur eru eingöngu karlar en í öðrum er hlutfall kvenna frá 20% til 71% en það er hæst í Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi. Karlar eru formenn stjórna í sjö af átta samtökum og það á einnig við um framkvæmdastjóra samtakanna.

## Stjórnmálaflokkar

*Kynjaskipting í forystu stjórnmálaflokka*

Fimm stjórnmálaflokkar eiga nú sæti á Alþingi. Í árslok 2008 voru karlar formenn þriggja flokka en konur tveggja, Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins. Þá var varaformaður Sjálfstæðisflokksins kona. (Í byrjun janúar 2009 varð sú breyting á að karl var kjörinn formaður Framsóknarflokksins í stað konu sem gegndi starfinu áður.) Fleiri konur en karlar áttu sæti í framkvæmdastjórnum flokkanna og var hlutfall kvenna þar á heildina litið 54% í lok nóvember 2008. Konur mynduðu meirihluta framkvæmdastjórnar hjá þremur flokkum. Hins vegar sátu fleiri karlar en konur í miðstjórn eða flokksráði flokkanna fimm og var hlutfall karla í heild 60% og kvenna 40%.

**Tafla 10. Stjórnmálaflokkar 2008**
*Table 10. Political parties 2008*

| | Framkvæmda-stjórn *Managing board* | | Miðstjórn / flokksráð *Party council* | | Formaður flokks *Chairperson of a party* | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* |
| **Alls** ***Total*** | **21** | **18** | **241** | **356** | **2** | **3** |
| Framsóknarflokkurinn[1] *Progressive Party*[1] | 5 | – | 74 | 116 | 1 | – |
| Frjálslyndi flokkurinn *The Liberal Party* | 1 | 4 | 4 | 14 | – | 1 |
| Samfylking *The Social Democratic Alliance* | 6 | 7 | 98 | 149 | 1 | – |
| Sjálfstæðisflokkurinn *The Independence Party* | 3 | 2 | 15 | 16 | – | 1 |
| Vinstrihreyfingin – grænt framboð *The Left–Green Movement* | 6 | 5 | 50 | 61 | – | 1 |
| **Hlutfall** ***Percent*** | | | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **54** | **46** | **40** | **60** | **40** | **60** |
| Framsóknarflokkurinn[1] *Progressive Party*[1] | 100 | – | 39 | 61 | – | 100 |
| Frjálslyndi flokkurinn *The Liberal Party* | 20 | 80 | 22 | 78 | – | 100 |
| Samfylking *The Social Democratic Alliance* | 46 | 54 | 40 | 60 | 100 | – |
| Sjálfstæðisflokkurinn *The Independence Party* | 60 | 40 | 48 | 52 | – | 100 |
| Vinstrihreyfingin – grænt framboð *The Left–Green Movement* | 55 | 45 | 45 | 55 | – | 100 |

[1] Ekki er fullskipað í framkvæmdastjórn Framsóknarflokksins vegna afsagnar formanns í nóvember 2008. *The board is not fully represented due to the resignation of the chairperson in November 2008.*

**Heimild** *Source*: Vefsíður og skrifstofur flokkanna. *Websites and offices of the political parties.*

## Opinberar nefndir, ráðuneyti og ríkisstofnanir

*Rúmur þriðjungur nefndarmanna í opinberum nefndum eru konur*

Árið 2007 sátu 3.630 manns í lögskipuðum og ráðherraskipuðum nefndum á vegum ráðuneytanna, 2.309 karlar (64%) og 1.321 kona, en það samsvarar 36% nefndarmanna. Árið 2000 var hlutfall kvenna í opinberum nefndum 27% og 17% árið 1990.

**Mynd 6. Stjórnir, nefndir og ráð ríkisins 1971–2007**
*Figure 6. Public committees, boards and councils 1971–2007*




**Tafla 11. Stjórnir, nefndir og ráð ríkisins 1971–2007**
*Tafla 11. Public committees, boards and councils 1971–2007*

| | Fjöldi nefndarmanna *Number of members* | | | Hlutfall *Percent* | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Females* | Karlar *Males* | Alls *Total* | Konur *Females* | Karlar *Males* |
| 1971 | 70 | 2.009 | 2.079 | 3 | 97 |
| 1980 | 187 | 2.577 | 2.764 | 7 | 93 |
| 1983 | 268 | 2.663 | 2.931 | 9 | 91 |
| 1987 | 261 | 2.121 | 2.382 | 11 | 89 |
| 1990[1] | 501 | 2.524 | 3.025 | 17 | 83 |
| 1994[1] | 592 | 2.250 | 2.842 | 21 | 79 |
| 2000 | 1.082 | 3.005 | 4.087 | 27 | 73 |
| 2001–2003 | 1.014 | 2.519 | 3.533 | 29 | 71 |
| 2005 | 1.256 | 2.729 | 3.985 | 32 | 68 |
| 2006 | 1.263 | 2.467 | 3.730 | 34 | 66 |
| 2007 | 1.321 | 2.309 | 3.630 | 36 | 64 |

1 Tölur eru ekki alveg sambærilegar við fyrri ár. *Data is not entirely comparable with previous years.*

**Heimild** *Source*: ´85-nefndin og Jafnréttisráð: Konur hvað nú? 1985; Jafnréttisráð. Þskj. 541, 142. mál á 126. löggjafarþingi 2000–2001; Þskj. 1.674 – 549. mál 130. löggjafarþings 2003–2004; Jafnréttisstofa. *The '85-Committee and the Equal Status Council: Konur, hvað nú? (Women, what now?) 1985; The Equal Status Council. Parliamentary documents from session 126 and 130 of Althingi; Centre for Gender Equality.*

*Hlutfall kvenna hæst í nefndum félagsmálaráðuneytis, 45%*

Fjöldi nefnda og nefndarmanna er mjög breytilegur eftir ráðuneytum og það á einnig við um kynjaskiptinguna. Karlar voru meirihluti nefndarmanna í öllum ráðuneytunum árið 2007. Hlutfall kvenna var um eða yfir 40% nefndarmanna í þremur ráðuneytum, félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, tæpur þriðjungur í fimm og undir 30% í öðrum ráðuneytum.

**Tafla 12. Stjórnir, nefndir og ráð ríkisins eftir ráðuneyti 2007**
*Tafla 12. Public committees, boards and councils by ministry 2007*

| Árslok *End-of -year* | Fjöldi nefndarmanna *Number of members* | | Hlutfall *Percent* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* |
| **Ráðuneyti alls *Government ministries, total*** | **1.321** | **2.309** | **36** | **64** |
| Félagsmálaráðuneyti *Social Affairs* | 184 | 225 | 45 | 55 |
| Heilbrigðs- og tryggingamálaráðuneyti *Health and Social Security* | 266 | 385 | 41 | 59 |
| Menntamálaráðuneyti *Education, Science and Culture* | 440 | 646 | 41 | 59 |
| Umhverfisráðuneyti *Environment* | 84 | 172 | 33 | 67 |
| Viðskiptaráðuneyti *Commerce* | 56 | 115 | 33 | 67 |
| Forsætisráðuneyti[1] *Prime Minister's Office*[1] | 70 | 158 | 31 | 69 |
| Iðnaðarráðuneyti *Industry* | 70 | 163 | 30 | 70 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti *Justice and Ecclesiastical* | 40 | 95 | 30 | 70 |
| Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti *Fisheries and Agriculture* | 24 | 60 | 29 | 71 |
| Fjármálaráðuneyti *Finance* | 40 | 103 | 28 | 72 |
| Utanríkisráðuneyti *Foreign Affairs* | 3 | 10 | 23 | 77 |
| Samgönguráðuneyti *Communications* | 44 | 177 | 20 | 80 |

[1] Þar með talin Hagstofa Íslands sem var lögð niður sem ráðuneyti 1. janúar 2008. *Statistics Iceland included which discontinued as a ministry 1 January 2008.*

**Heimild** *Source*: Jafnréttisstofa. *Centre for Gender Equality.*

*Karlar yfirmenn hjá embætti forseta Íslands*

Hjá embætti forseta Íslands störfuðu þrjár konur og fjórir karlar í október 2008, meðal þeirra var forsetaritari og skrifstofustjóri, báðir karlar.

*Þriðjungur ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra ráðuneyta eru konur*

Í Stjórnarráði Íslands eru nú 12 ráðuneyti í stað þrettán eftir þær breytingar sem gerðar voru á skipan ráðuneyta 1. janúar 2008. Í nóvember 2008 voru konur þriðjungur ráðuneytisstjóra eða fjórar af tólf. Á sama tíma voru konur einnig þriðjungur skrifstofustjóra í ráðuneytum eða 26 af 80. Í ráðuneytunum tólf störfuðu alls 539 og voru konur 57% starfsmanna og karlar 43%. (Hvað utanríkisráðuneytið snertir er hér miðað við aðalskrifstofu á Íslandi en sendiskrifstofum erlendis sleppt. Er sendierindrekum gerð sérstök skil.)

**Mynd 7. Stjórnendur í ráðuneytum 2008**
*Figure 7. Management of government ministries 2008*




**Tafla 13. Stjórnendur og starfsmenn í ráðuneytum 2008**
*Table 13. Management and personnel of government ministries 2008*

| Tölur í október/nóvember 2008 *Figures in October/November 2008* | Ráðuneytisstjóri *Permanent secretary* | | Skrifstofustjóri *Director of department* | | Starfsmenn alls *Personnel total* | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* |
| **Fjöldi alls *Total number*** | **4** | **8** | **26** | **54** | **306** | **233** |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti *Justice and Ecclesiastical* | – | 1 | 4 | 3 | 25 | 12 |
| Félags- og tryggingamálaráðuneyti *Social Affairs and Social Security* | 1 | – | 3 | 6 | 23 | 15 |
| Fjármálaráðuneyti *Finance* | – | 1 | 1 | 5 | 30 | 41 |
| Forsætisráðuneyti *Prime Minister's Office* | – | 1 | 2 | 3 | 14 | 10 |
| Heilbrigðisráðuneyti *Health* | 1 | – | 4 | 5 | 36 | 17 |
| Iðnaðarráðuneyti *Industry* | – | 1 | 1 | 2 | 13 | 8 |
| Menntamálaráðuneyti *Education* | – | 1 | 3 | 4 | 51 | 28 |
| Samgöngumálaráðuneyti *Communication* | 1 | – | 1 | 4 | 19 | 19 |
| Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti *Fisheries and Agriculture* | – | 1 | 1 | 7 | 19 | 17 |
| Umhverfisráðuneyti *Environment* | – | 1 | 2 | 1 | 21 | 13 |
| Utanríkisráðuneyti[1] *Foreign Affairs*[1] | – | 1 | 3 | 11 | 42 | 45 |
| Viðskiptaráðuneyti *Commerce* | 1 | – | 1 | 3 | 13 | 8 |
| **Hlutfall *Percent*** | **33** | **67** | **33** | **67** | **57** | **43** |

[1] Starfsmenn á aðalskrifstofu en starfsmönnum á sendiskrifstofum er sleppt hér. *Personnel of the Ministry of Foreign Affairs in Iceland. Those working in Icelandic ambassades are not included here.*

**Heimild** *Source*: Ráðuneytin og fjármálaráðuneyti, starfsmannaskrifstofa. *The ministries and the Ministry of Finance.*

*Fimm konur og 28 karlar sendiherrar 2007*

Sendierindrekar í utanríkisþjónustunni gegna m.a. stöðum sendiherra, sendifulltrúa, sendiráðunauta og sendiráðsritara. Flestir starfa á sendiskrifstofum Íslands erlendis en nokkrir starfa tímabundið í utanríkisráðuneytinu á Íslandi. Í árslok 2008 voru 30 karlar (86%) og fimm konur (14%) sendiherrar en 28 karlar og ein kona gegndu

stöðu sendiherra árið 2004. Tvær konur og 20 karlar voru sendifulltrúar árið 2008 og hafði konum fækkað um tvær og körlum fjölgað um þrjá frá árinu 2004. Í árslok 2008 voru 92 sendierindrekar í heild, 66 karlar (72%) og 26 konur (28%), og hafði konum fjölgað um þrjár en fjöldi karla stóð í stað miðað við júní 2004.

**Mynd 8. Sendierindrekar í árslok 2008**
*Figure 8. Diplomatic positions in the foreign service at end-of-year 2008*




**Tafla 14. Sendierindrekar í utanríkisþjónustunni 2004–2008**
*Table 14. Diplomatic positions in the foreign service 2004–2008*

| | Sendiherra *Ambassador* | | Sendifulltrúi *Minister-Counsellor* | | Sendiráðunautur *Counsellor* | | Sendiráðsritari *First Secretary* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* |
| Fjöldi *Number* | | | | | | | | |
| 2004 | 1 | 28 | 4 | 17 | 8 | 15 | 10 | 6 |
| 2005 | 1 | 32 | 3 | 20 | 8 | 12 | 9 | 4 |
| 2006 | 6 | 31 | 2 | 18 | 8 | 14 | 8 | 5 |
| 2007 | 5 | 31 | 3 | 21 | 10 | 11 | 8 | 5 |
| 2008 | 5 | 30 | 2 | 20 | 10 | 11 | 9 | 5 |
| Hlutfall *Percent* | | | | | | | | |
| 2004 | 3 | 97 | 19 | 81 | 35 | 65 | 63 | 38 |
| 2005 | 3 | 97 | 13 | 87 | 40 | 60 | 69 | 31 |
| 2006 | 16 | 84 | 10 | 90 | 36 | 64 | 62 | 38 |
| 2007 | 14 | 86 | 13 | 88 | 48 | 52 | 62 | 38 |
| 2008 | 14 | 86 | 9 | 91 | 48 | 52 | 64 | 36 |

**Skýring** *Note*: Tölur í júní 2004, september 2005 og árslok 2006–2008. Árið 2004 var einn sendiherra og tveir sendifulltrúar (allt karlar) í leyfi frá störfum og því ekki meðtaldir. Árið 2005 voru þrír sendiherrar (tvær konur og einn karl) og tveir sendifulltrúar (karlar) í leyfi frá störfum og því ekki meðtaldir. Árið 2008 eru 5 sendiherrar í leyfi (þrjár konur og tveir karlar) og því ekki meðtaldir. *Figures in June 2004, September 2005 and end of year 2006, and 2007. In 2004 one ambassador and two minister-counsellors (all men) on leave are not included. In 2005 three ambassadors (two women and one man) and two minister-counsellors (both men) are on leave and not included. In 2008 five ambassadors (three women and two men) are on leave and not included.*

**Heimild** *Source*: Utanríkisráðuneytið. *Ministry of Foreign Affairs.*

*Þrír af hverjum fjórum forstöðumönnum ríkisstofnana eru karlar*

Fjölmargar stofnanir heyra undir ráðuneytin. Mismunandi er hversu margar þær eru og hvernig kynjaskiptingu forstöðumanna er háttað eftir ráðuneytum, en þeir voru alls 207 í nóvember 2008, 50 konur (24%) og 157 karlar (76%). Hafði körlum sem forstöðumönnum fækkað um 22 frá árinu 2004 en konum fjölgað um tvær. Hlutfall kvenna af forstöðumönnum hækkaði úr 21% í 24% á þessum árum.

*Hlutfall kvenna af forstöðumönnum hæst hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti, 43%*

Karlar voru meirihluti forstöðumanna ríkisstofnana hjá öllum ráðuneytum. Hlutfall kvenna af forstöðumönnum var hæst hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti, 43%. Eingöngu karlar voru forstöðumenn hjá stofnunum æðstu yfirstjórnar (Hæstarétti, umboðsmanni Alþingis, Ríkisendurskoðun og Seðlabanka) og tveggja ráðuneyta.

Flestar stofnanir eru á vegum menntamálaráðuneytis eða 50 og eru konur 38% forstöðumanna þeirra. Meðal stofnana ráðuneytisins eru framhaldsskólar og háskólar en stjórnendum þeirra eru gerð sérstök skil hér síðar. Undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið heyra 42 stofnanir og eru konur 17% forstöðumanna þeirra. Meðal stofnana eru héraðsdómstólar sem vikið er að síðar en einnig 24 sýslumannsembætti sem stýrt er af 6 konum og 18 körlum. Stofnanir á vegum heilbrigðisráðuneytis eru 32 og eru konur 28% forstöðumanna. Meðal stofnana ráðuneytisins eru sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar.

**Tafla 15. Forstöðumenn ríkisstofnana 2008**
*Table 15. Managers of government institutions 2008*

| Fjöldi í nóvember *Number in November* | Fjöldi *Number* | | Hlutfall *Percent* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* |
| **Forstöðumenn alls** ***Managers, total*** | **50** | **157** | **24** | **76** |
| Æðsta yfirstjórn *Autonomous institutions* | – | 6 | – | 100 |
| **Ráðuneyti** ***Ministry*** | | | | |
| Félags- og tryggingamálaráðuneyti | | | | |
| *Social Affairs and Social Security* | 6 | 8 | 43 | 57 |
| Forsætisráðuneyti *Prime Ministers Office* | 2 | 3 | 40 | 60 |
| Menntamálaráðuneyti *Education* | 19 | 31 | 38 | 62 |
| Heilbrigðisráðuneyti *Health* | 9 | 23 | 28 | 72 |
| Iðnaðarráðuneyti *Industry* | 1 | 4 | 20 | 80 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | | | | |
| *Justice and Ecclesiastical* | 7 | 35 | 17 | 83 |
| Viðskiptaráðuneyti *Commerce* | 1 | 5 | 17 | 83 |
| Fjármálaráðuneyti *Finance* | 3 | 16 | 16 | 84 |
| Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti | | | | |
| *Fishing and Agriculture* | 1 | 6 | 14 | 86 |
| Umhverfisráðuneyti *Environment* | 1 | 10 | 9 | 91 |
| Utanríkisráðuneyti *Foreign Affairs* | – | 1 | – | 100 |
| Samgöngumálaráðuneyti *Communication* | – | 9 | – | 100 |

**Heimild** *Source*: Fjármálaráðuneytið (vefsíða, uppfærsla 28. Nóvember 2008). *Ministry of Finance (website, update 28 November 2008).*

## Dómarar og lögregla

*Allir dómstjórar héraðsdómstólanna eru karlar*

Í Hæstarétti sitja ellefu dómarar, tvær konur (22%) og níu karlar (78%), og hefur sú staða verið óbreytt frá árinu 2001. Hæstaréttardómarar skiptast á að gegna stöðu forseta Hæstaréttar tvö ár í senn og er sú staða nú á hendi karls. Í árslok 2008 voru 12 konur (32%) og 26 karlar (68%) héraðsdómarar. Konur voru um fjórðungur

héraðsdómara á árunum 1999–2004 en 2005 hækkaði hlutfall þeirra í 32% og hefur það verið óbreytt síðan. Hjá hverjum héraðsdómstóli er einn dómstjóri sem kemur úr hópi dómara. Í árslok 2008 voru allir dómstjórar karlar en árið áður voru tvær konur og sex karlar dómstjórar.

**Mynd 9. Héraðsdómarar 2000–2008**
*Figure 9. District Court judges 2000–2008*




**Tafla 16. Dómarar 2000–2008**
*Table 16. Judges 2000–2008*

| Tölur í árslok *End-of-year data* | Hæstiréttur *Supreme Court* | | Héraðsdómstólar *District Courts* Alls *Total* | | Þar af dómstjórar *Of which chief judges* | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* | Konur *Females* | Karlar *Males* |
| **Fjöldi *Number*** | | | | | | |
| 2000 | 1 | 8 | 10 | 28 | 1 | 7 |
| 2001 | 2 | 7 | 9 | 29 | 1 | 7 |
| 2002 | 2 | 7 | 9 | 29 | 1 | 7 |
| 2003 | 2 | 7 | 10 | 28 | 2 | 6 |
| 2004 | 2 | 7 | 10 | 28 | 3 | 5 |
| 2005 | 2 | 7 | 12 | 26 | 3 | 5 |
